| Dags. fundar: 2. febrúar 2015 | Tími: 17:15 | Nr. fundar: 48 |
|---|---|---|
| Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir. | Fundarritari: Björn Valdimarsson. | Staður: Laugardalslaug. |

***Efni fundar:***

1. Bókun SSÍ, 23. fundur.
2. Dómaranámskeið framundan.
3. Úthlutun móta.
4. Sundskóli FINA
5. Smáþjóðaleikar 2015.
6. Önnur mál
   a. Mönnun nefndarinnar.
   b. Dómara með íslenskum keppendum.

**Viðstaddir:** Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Jón Hjaltason, Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir og Viktoría Gíslasdóttir.

**Boðaði forföll:** Hilmar Örn Jónasson.

---

**Dagskrá:**

1. *„Stjórn SSÍ óskar eftir því við DMT að nefndin geri fjárhagsáætlun til tveggja ára sem miði að þeim alþjóðlegu verkefnum sem dómarar geta tekið þátt í og einnig námskeiðahaldi innanlands."*
   Þar sem nefndin hefur takmarkað forsendur að gefa sér varðandi alþjóðleg verkefni sem dómarar geta tekið þátt í verður fjárhagsætlun vegna þeirra verkefna aldrei fullnægjandi, sjá fylgiblað. Dómaranámskeið geta orðið fjögur á hverju sundári, þ.e. átta námskeið næstu tvö árin þar sem kostnaður leiðbeinanda yrði 25.000 krónur. 25.000 x 8 = 200.000 krónur vegna dómaranámskeiða. Einnig þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna dómaranámskeið/móta úti á landi, 2-3 mót á ári. Áætlað 50.000 krónur á hvert mót eða 200.000 – 300.000 krónur á tveggja ára tímabili.

2. Yfirdómaranámskeið er áætlað 26. febrúar n.k. Fyrsta kennslumótið yrði þá Vormót Fjölnis 27.-28. febrúar. Jón Hjaltason og Björn Valdimarsson munu sjá um það námskeið. Almennt dómaranámskeið er áætlað 18. eða 19. mars í tengslum við Actavismót SH 21.-22. mars 2015..

3. Enn og aftur virðist gerast það sem DMT-nefnd hefur margoft bent á, að gert er ráð fyrir mörgum sundmótum á sama degi. Stefnir í þrjú mót laugardaginn 14. mars. Páskamót SH, Garpamót Ægis og Vormót Ármanns. Þessi tilhögun er langt frá því nógu góð og alls ekki hægt að „skella" á sundmóti ofan í annað sundmót eins og er að gerast. Rétt lafir í að hægt sé að löglega manna tvö mót í tveimur laugum, hvað þá þrjú mót í tveimur laugum! DMT-nefnd gerir enn og aftur þá kröfu að úthlutun mótadagsetninga verði breytt og félögum gerð grein fyrir því að ekki sé hægt að setja upp sundmót hvenær sem þeim hentar ef önnur félög hafa fengið deginum úthlutað. Allar úthlutunar móta verða að vera skriflegar og fara réttar boðleiðir annars telst mót ekki löglegt og þ.a.l. eru tímar sundmanna af því móti ekki löglegir.

STOFNSETT 25. FEBRÚAR 1951
SUNDSAMBAND ÍSLANDS - THE ICELANDIC SWIMMING ASSOCIATION
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI - LAUGARDAL - REYKJAVÍK
SÍMI / TEL: 514-4070 - FAX : 514-4071
sundsamband@sundsamband.is - http://www.sundsamband.is

4. Í október fékk DMT-nefnd til sín erindi frá SSÍ varðandi mögulega komu FINA Swimming Officials School til landsins. Hvar er þetta erindi statt?

5. Sigurður Óli og Ólafur fóru yfir stöðuna varðandi Smáþjóðleikana 2015 og ræddu hvað hefði komið í ljós á RIG sem var eitt af æfingamótunum. Fleiri æfingamót verða að vera m.a. Gullmót KR sem haldið verður helgina 13.-15. febrúar n.k. Töluverða samhæfingu þarf enn til að m.a. inn- og útganga gangi vel fyrir sig og að dómarar séu meðvitaðir um stöður sínar þegar á bakkann er komið.

6. **a.** DMT-nefnd óskar eftir að mönnun nefndarinnar haldist óbreytt áfram.
**b.** DMT-nefnd leggur til að skoðað verði af alvöru að dómari fari með þegar keppendur frá landinu fara á mót erlendis. Dómari þarf ekki að fara til að starfa sem dómari heldur kynnast verklagi mótanna sem áhorfandi og sýna sig og sjá aðra, mynda tengsl við aðra sunddómara.

**Fundi slitið** kl: 18.45. **Næsti fundur:** mánudaginn 2. mars 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.

STOFNSETT 25. FEBRÚAR 1951
SUNDSAMBAND ÍSLANDS - THE ICELANDIC SWIMMING ASSOCIATION
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI - LAUGARDAL - REYKJAVÍK
SÍMI / TEL: 514-4070 - FAX : 514-4071
sundsamband@sundsamband.is - http://www.sundsamband.is

1. LIÐUR. 48. FUNDUR DMT-NEFNDAR

FYLGISKJAL.

| 4.2.2015 | | **Erlend og alþjóðleg verkefni 2015/2016** | per. mann | | | Ferðir | | Gisting | Fæði | Dagar | | Gisting* | Fæði* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frá | Til | | | | | flug | flugvöllur til mótsst. | yfir tímann | | Mót | viðb. | per nótt | per dag |
| | | | | Samtals | | | | | | | | | |
| 16.1.2015 | 18.1.2015 | **Reykjavik International Games** | Reykjavík (ISL) | | | | | | | | | | |
| 10.4.2015 | 12.4.2015 | **ÍM 50** | Reykjavík (ISL) | | | | | | | | | | |
| 24.4.2015 | 25.4.2015 | **IMOC** | Vestmannaeyjum (ISL) | | | | | | | | | | |
| 1.6.2015 | 6.6.2015 | **16th Games of the Small States of Europe (GSSE)** | Reykjavík (ISL) | | | | | | | | | | |
| 23.6.2015 | 27.6.2015 | **LEN European Games (European Junior Swimming Championships)** | Baku (AZE) | **268.400** | 244.000 | *160.000* | x | 70.000 | 14.000 | 7 | 2 | 10.000 | 2.000 |
| 11.7.2015 | 12.7.2015 | **NMÆ (NAGC)** | Jönköping (SWE) | **335.500** | 305.000 | *215.000* | 10.000 | 60.000 | 20.000 | 4 | 2 | 15.000 | 5.000 |
| 2.8.2015 | 9.8.2015 | **16th FINA World Championships** | Kazan (RUS) | **253.000** | 230.000 | *230.000* | x | x | x | 12 | 4 | | |
| 27.7.2015 | 31.7.2015 | **Summer European Youth Olympic Festival (EYOF)** | Tbilisi (GEO) | **173.800** | 158.000 | *130.000* | x | 14.000 | 14.000 | 7 | 2 | 2.000 | 2.000 |
| 11.8.2015 | 12.8.2015 | **FINA Swimming World Cup Series (Cluster 1)** | Moscow (RUS) | **105.600** | 96.000 | *80.000* | x | 8.000 | 8.000 | 4 | 2 | 2.000 | 2.000 |
| 15.8.2015 | 16.8.2015 | **FINA Swimming World Cup Series (Cluster 1)** | Paris-Chartres (FRA) | **110.000** | 100.000 | *40.000* | x | 40.000 | 20.000 | 4 | 2 | 10.000 | 5.000 |
| 1.9.2015 | 6.9.2015 | **5th FINA World Junior Swimming Championships** | Singapore (SGP) | **242.000** | 220.000 | *150.000* | x | 50.000 | 20.000 | 10 | 4 | 5.000 | 2.000 |
| 13.11.2015 | 15.11.2015 | **ÍM 25** | Reykjavík (ISL) | | | | | | | | | | |
| 2.12.2015 | 6.12.2015 | **LEN European Short Course Swimming Championships** | Herzliya (ISR) | **258.500** | 235.000 | *120.000* | 10.000 | 70.000 | 35.000 | 7 | 2 | 10.000 | 5.000 |
| | May 2016 | LEN European Swimming, Diving, Synchronised Swimming Championships | London (GBR) | | | | | | | | | | |
| | July 2016 | LEN European Junior Swimming Championships | Hodmezovasarhely (HUN) | | | | | | | | | | |
| | 2016 | NMÆ (NAGC) | | | | | | | | | | | |
| 5.8.2016 | 21.8.2016 | Summer Olympics | Rio de Janeiro (BRA) | | | x | x | x | x | 21 | 4 | | |
| 7.9.2016 | 18.9.2016 | Summer Paralympic Games | Rio de Janeiro (BRA) | | | | | | | | | | |
| | 10% | óvissuþáttur | | | | | | | | | | | |
| | x = | greitt af mótshaldara | | | | | | | | | | | |
| | * | lausleg áætlun | | | | | | | | | | | |
| | ATH: | Það er nánast ógerningur að finna flugverð meira en 1 ár fram í tímann! | | | | | | | | | | | |